

HJARTAVERND

20.ÅRG.2.TBL.1983



Réttur binn...

til bóta

Tryggingastofnunar ríkisins,
hver er hann? Svarið er að finna í
bæklingum okkar. Biðjið um þá.

ELLI
LÍFEYRIR

BÆTUR
TIL EKKNA EKKLA OG
EINSTÆÐRA FORELDRA

SLYSA-
BÆTUR

TANN-
LÆKNINGAR

BÆTUR Í
FÆÐINGAR
ORLOFI

ÖRORKU-
BÆTUR

TRYGGINGASTOFNU
RÍKISINS

TRYGGINGASTO
RÍKISINS

SJÚKRA
BÆTUR

GINGASTOFNUN
RÍKISINS

Tryggingastofnun ríkisins

HJARTAVERND



20. ÁRGANGUR
2. TÖLUBLAÐ
DESEMBER 1983

EFNISYFIRLIT:

TÍMARITIÐ HJARTAVERND TUTTUGU ÁRA	1,6
ÁHRIF TÓBAKSREYKINGA Á LUNGU OG LÍKAMA Dr. Þorsteinn Blöndal	4
ÓHLJÓÐ Í HÁLSSLAGÆÐ - FYRIRBOÐI HEILABLÓÐFALLS Dr. John L. Ochsner, prófessor	8
ÁRSSKÝRSA RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR	14
NÝJAR SANNANIR	19
AÐALFUNDUR HJARTAVERNDAR 1983	20
FRÉTTIR	2, 21, 23

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK HJARTA- OG ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRN: SNORRI P. SNORRASON, NIKULÁS SIGFÚSSON OG STEFÁN JÚLÍUSSON

AFGREÐSLA BLÁÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR, LÁGMÚLA 9, 3. HÆÐ - SÍMI 83755

SETNING, UMBROT, FILMUVINNA OG PRENTUN:
SVANSPRENT HF.

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

Tímaritið Hjartavernd tuttugu ára

Með þessu hefti Hjartaverndar lýkur 20. árgangi tíma- ritsins. Fyrsta heftið kom út síðla árs 1964. Aðeins eitt hefti kom út það ár enda voru landssamtökin þá nýlega stofnuð. Síðan hefur ritið komið út árlega, 1-3 hefti á ári. Eru heftin alls orðin 34. Síðustu 6 árin hafa komið út 2 hefti reglulega á ári, í maí og desember.

Hjartavernd hefur frá upphafi verið upplýsingarit um starfsemi landssamtakanna, framkvæmdastjórnar og rannsóknarstöðvar. Í hverju hefti hafa birst fréttir af félagsstarfinu, fyrirhuguðum framkvæmdum og skýrslur um störf rannsóknarstöðvarinnar, bæði um rannsóknirnar sjálfar og úrvinnslu úr gögnum og niðurstöður.

En bótt Hjartavernd hafi þannig verið öðrum þræði tengiliður milli framkvæmdastjórnar og félagsmanna hefur ritið einkum og aðallega verið heilsufræðirit. Þetta sést glöggt á því að á þessu 20 ára tímabili hafa birst í ritinu um 250 greinar eftir um 60 lækna, innlenda og erlenda. Auk þess hafa komið í ritinu nokkrar greinar eftir aðra sérfræðinga en lækna, hjúkrunarfæðinga, liffræðinga, matvælafræðinga og næringarfræðinga.

Um 40 íslenskir læknar hafa skrifat greinar í blaðið á þessu tímabili. Langflestir greinarnar eru um hjarta- og æðasjúkdóma eða þætti sem tengjast þeim. En margar greinar eru einnig um aðra sjúkdóma og lækningar, hollustu og heilbrigði almennt, ekki síst nýjungar í læknisáðgerðum og heilsugæslu. Þyddu greinarnar eru sömuleiðis flestar um hjartasjúkdóma, lækningar og varnaraðgerðir. Þær eru yfirleitt eftir viðkunna sérfræðinga.

Snorri Páll Snorrason prófessor hefur frá upphafi verið ritstjóri Hjartaverndar. Með 4. árgangi, 1968, varð Nikulás Sigfússon yfirlæknir meðritstjóri og hefur verið það síðan. Árið 1977 bættist Stefán Júlíusson við og hefur hann verið eins konar framkvæmdaritstjóri blaðsins síðan. Báðir hinir fyrrtöldu hafa skrifat fjölmargar læknisfræðilegar greinar í blaðið og sömuleiðis útvegað greinar eftir lækna og sérfræðinga. Stefán hefur þýtt greinar í síðustu 6 árgangana og yfirleitt ritað forustugreinar, viðtöl og frásagnir af félagsstarfi. Þá hefur dr. Sigurður Samúelsson prófessor, formaður Hjartaverndar, ritað fjölmargar greinar í blaðið frá fyrstu tíð og jafnan stutt við bakið á því.

Síðustu árin hafa auglýsingar staðið undir prentunar-kostnaði ritsins og er það sent félögum Hjartaverndar og ýmsum heilbrigðisstofnunum ókeypis. Söfnun auglýsinga hefur Þorbjörg Guðmundsdóttir haft með höndum undanfarin ár.

Hjartavernd var prentuð í Ísafoldarprentsmiðju fram til ársins 1977 en síðan hefur ritið verið prentað í Svansprenti.

Þessu hefti fylgir efnisyfirlit 16. – 20. árgangs en efnisyfirlit fyrstu 15 árganganna fylgdi 2. hefti 15. árgangs.

S.J.



Þáttakendur í ráðstefnuni og gestir í lokahófi í veitingahúsi rétt hjá höll Vilhjálms Þýskalandskeisara II. í Doorn þar sem hann dvaldi í útlegð síðustu ár ævi sinnar.

Ráðstefna um hjartaverndarmál í Hollandi

Í lok aprílmánaðar komu saman til fundar í Hollandi um tuttugu fulltrúar frá hjartaverndarfélögum í ellefu Vestur-Evrópulöndum. Þeir voru frá eftir-töldum löndum: Belgia, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi, Íslandi, Portúgal, Spáni og Þýskalandi, auk fulltrúa Hjartaverndarsamtakanna í Hollandi. Einnig sat ráðstefnuna áheyrnarfulltrúi frá Hjartaverndarfélögum í Thailandi og framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka hjartasérfræðinga og hjartaverndarfélaga í Genf í Svisslandi.

Hollensku hjartaverndarsamtökum buðu til ráðstefnunnar sem stóð í two daga og var hún haldin í hvíldar- og endurhæfingarheimili samtakanna, Hartenark (Hjartaörkinni), skammt frá Utrecht. Voru viðtökur hollensku gestgjafanna og skipulag með miklum myndarbrag og gestrisni eins og best verður á kosið. Stefán Júliusson var

fulltrúi Hjartaverndar á ráðstefnunni.

Til að skýra tilgang og markmið ráðstefnuhaldsins er rétt að birta brot úr opnunarræðu stjórnarformanns hollensku hjartaverndarsamtakanna, H. L. Guldemonds.

„Á síðustu árum hefur okkur fundist að nauðsyn bæri til þess að starfsfólk hjartaverndarfélaga í Vestur-Evrópu hefðu með sér meiri samvinnu en verið hefur. Ekki svo að skilja að ekki séu talsverð samskipti milli nokkurra hjartaverndarsamtaka en þau hafa að mestu verið bréfaskipti eða varðandi einstök mál.

Okkur finnst að starfsfólk hjartaverndarsamtaka sé það nauðsyn að fá upplýsingar um dagleg vandamál í rekstri slíkra stofnana, kynnast hvert öðru, bera saman bækurnar og öðlast þekkingu út frá reynslu annarra.“

Tilhögun ráðstefnunnar var þannig að flutt voru sex inngangserindi varð-

andi starfsemi áhugamannafélaga, viðhorf almennings og yfirvalda til þeirra og hvernig staðið skyldi að fjárlun og áróðri fyrir málstaðnum. Að framsöguindi loknu var sest á rökstóla um efnið og það rætt í hringborðsumræðum. Allir fyrirlesarar voru sérfræðingar, yfirleitt professorar í ýmsum greinum við hollenska háskóla. Þeir voru ekki tengdir hjartaverndarmálum sérstaklega en ræddu í erindum sínum hvernig nálgast skyldi viðfangsefni áhugamannafélaga út frá félagslegu og sálfræðilegu sjónarmáli, hvað væri starfsfólkí ráðlegt í þeim efnum og hvað varast bæri. Miklar umræður urðu að loknum inngangserindum og sögðu fulltrúar þá frá reynslu sinni og starfi að hjartaverndarmálum. Voru umræðurnar hinar fróðlegustu enda allir þáttakendur gjörkunnugir starfi og framkvæmdum hjartaverndarsamtaka.

S.J.

þjónusta, þoegindi og sérmerktar trimmabrautir!



Hótel Loftleiðir er í algjörum sérflokkni hvað varðar þjónustu og þægindi. Í hótelinu eru 218 gistiherbergi með síma, útværpi og tengingu fyrir sjónvarp og setustofa er á hverri hæð.

Hótelin býður upp á sérstaka video-dagskrá á hverjum degi. Í hótelinu er að finna minjagripaverslun, snyrtistofu, hárgreiðslu- og rakarastofu, gufubaðsstofu, sundlaug, vatnsnuddpott, sólbekki og hvíldarherbergi.

Þar að auki eru sérmerktar trimmabrautir í skemmtilegu umhverfi Öskjuhlíðar. Þú getur byrjað daginn snemma því Veitingabúðin opnar kl. 05:00 og hefur á boðstólum hressandi kaffi og ljúffenga rétti, og ekki má gleyma kalda borðinu í Blómasalnum í hverju hádegi, fyrir utan fjölbreyttan matseðil sem bíður upp á úrvall annarra rétta.

Verið velkomin
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Sími:(91)-22322 Telex:2021

Áhrif tóbaksreyks á lungu og líkama og þörfin á gagnaðgerðum

Þorsteinn Blöndal er borinn og barnfæddur Reykvíkingur. Hann er yfirlæknir á lungna- og berklavarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og sérfræðingur í lungnalækningum við lyflækningadeild Landspítalans. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1966 og læknaprófi frá Háskóla Íslands 1973, stundaði sérfræðinám við Akademiska sjúkrahúsíð í Uppsölum og hlaut sérfræðiréttindi í lungnalækningum 1979. Þorsteinn lauk doktorsprófi við Háskólann í Uppsölum vorið 1982.

Inngangur:

Ætlun mín er að reyna að segja frá áhrifum tóbaksreyks á lungun og lungnapípur sérstaklega en fjalla síðan lítillega um þær ráðstafanir sem líklegt er að gripið verði til í andófi heilbrigðis-yfirvalda gegn tóbaksreykingum á komandi árum.

Áhrif tóbaksreyks á lungun:

Áður en unnt er að segja frá hvernig lungun breytast af tóbaksreyk verður að rifja upp hvernig þau eru byggð og hvaða hlutverki þau gegna í líkama okkar.

Meginhlutverk lungnanna er að sjá um loftskipti á súrefni og koltvísýringi. Lungnapíurnar (berkjur) leiða loftið út í finni og finni greinar og eftir u.p.b. 24 greiningar er komið út í sjálfsar lungnablöðrurnar. Þar fer súrefnið inn í blöðrásina, en koltvísýringurinn út úr blöðrásinni. Þessi loftskipti fara fram gegnum háræðahimnuna sem er samanlagt 75 fermetrar eða eins og ½ tennisvöllur að stærð. Það eru æðarnar sem flytja súrefnisríkt blóð út í vefina í líkamanum. Þar er súrefnið notað í krefjandi starfsemi eins og t.d. upphitun á skroknum og í áreynslu af ýmsu tagi.

Þegar fólk byrjar að reykja verður það oft fárveikt af vanlíðan, ógleði og uppköstum. Þetta eru áhrif tóbaksreyksins á hinn óvana líkama. Bifháraþekjan hættir að slá upp þeim 100 ml

slíms sem venjulega myndast í lungnapípunum á hverjum sólarhring. Slímyndandi frumum í lungnapípunum fjölgar líka.


Með síendurteknum reykingum myndast þol og eitrunareinkennin hætta að gera vart við sig. Skemmdirnar á lungunum gerast svo hægt að reykingafólkið tekur ekki eftir breytingunni sem verður á heilsufarinu. Í sumum ganga breytingarnar hratt fyrir sig en hjá öðrum hægt. Hjá flestum skiptir tíminn þó áratug eða áratugum. Lungnaskemmdirnar eru afar margvíslegar en í meginindráttum má þó tala um þrenns konar breytingar.

- 1) Slímyndun í lungnapípunum.
- 2) Þrengingar á lungnapípunum.
- 3) Eyðingu á háræðahimnunni þar sem loftskiptin fara fram.

Slímyndunin orsakast af tjörunni og fleiri efnum í tóbaksreyknum. Slímið veldur hósta og þessi áhrif eru ein sér ekki hættuleg en óþægileg fyrir flesta og óþrifaleg.

Þrengingin í lungnapípunum orsakast aðallega af ertandi lofttegundum í tóbaksreyknum, sennilega fyrst og fremst köfnunarefnismónoxíði (NO) og köfnunarefnisdioxíði (NO₂). Þrengingin í lungnapípunum veldur ýluhljóðum ofan í fólk og það fær mæði, hósta og úthaldsleysi.

Tóbaksreykurinn veldur líka hægfara eyðingu á háræðahimnunni og teygjuvefnum úti í lungnablöðrunum.



Vegna þess hve háræðahimnan er stór í heilbrigðum lungum geta furðanlega stórir hlutar hennar horfið án þess að fólk finni úthaldið minnka. Þegar himnan hefur minnkað niður í helming af stærð sinni fer fólk þó yfirleitt að finna fyrir mæði við áreynslu og síðar líka við litla áreynslu eins og að klæða sig eða þvo sér. Eyðing háræðahimnunar veldur því að lungun verða stór og slöpp, þ.e. lungnaþembu.

Eins og áður segir tekur breytingin á lungunum áratugi en gerist þó jafnt og þétt dag hvern sem reykta er. Breytingarnar eru sjaldnast svo hreinræktaðar eins og hér var lýst að ofan. Í fyrstu er aðeins hægt að merkja aukna slímyndun og enga berkjuteppu. Hin aukna slímyndun veldur bara hósta, en engri mæði og hóstinn er í byrjun bara á morgnana. Sá sem hóstar tekur oftast ekki eftir því sjálfur vegna þess að honum finnst þetta vera hluti af sér og sínu lífi. Með hverju ári sem líður aukast þó þrengsli í lungnapípunum og eyðing háræðahimnunar í lungunum. Þar fara að heyrast ýluhljóð og þar með minnkari vinnuþrekið og úthaldsleysið eykst. Einnig þetta gerist næstum

ómerkjanlega hægt og flestir trúa að það sé bara aldurinn sem valdi. Loks er kominn surgur í lungun sem er meira eða minna stöðugur. Vegna þessara óþæginda leitar viðkomandi þá oft læknis í fyrsta sinn. Ef reykingum er algerlega hætt á þessu stigi má enn hindra að veruleg heilsufarsskerðing hljótist af. Ef hins vegar læknir og sjúklungur eru sammála um að gera lítið úr öllu saman tapast dýrmætur tími og þegar veikindi reka sjúklinginn næst til læknis hafa e.t.v. liðið mörg ár. Á þessu seinna stigi er skaðinn oft skeður og reykbindindi eftir allan þennan tíma bætir ekki berkjuþrengslin eða eyðingu þá sem orðið hefur á háræðahimnunni. Hins vegar minnkar slímmyndunin við að hætta að reykja og bara það bætir ástand og líðan verulega auk þess sem lyfjagjöf getur oft hjálpað. Þannig er það ekki einu sinni við sextugs—eða sjötugsaldur of seint að hætta reykingum ef litið er á þann bata sem fæst við reykbindindi. Gallinn er bara sá að eftir svo langvinnar reykingar getur viðkomandi oft ekki hætt þá hann vilji reyna. Þar kemur að þeim þætti tóbaksreykinga sem ekki er síður mikilvægur.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

Á Íslandi er því miður enn ekki litið á það sem sjálfsgagt að ekki sé reykt í almennum samkomusöлum innanhúss. Þó er það svo að nú er það hafið yfir allan efa að hliðarreykurinn sem reykingamaðurinn andar ekki að sér sjálfur valdi heilsufarsskerðingu hjá þeim sem

ekki reykja en verða að reykja gegn vilja sínum. Markmið baráttu gegn tóbaksnotkun verður m.a. að vera að enginn einstaklingur neyðist til þess að deila andrúmi gegn vilja sínum með fólk sem reykir. Ósk reykingamannsins um að fá að reykja ætti að víkja fyrir ósk hins um hreint loft.

Reynslan sýnir að það er þróskuldur í byrjun gegn neyslu tóbaksreyks en síðar verða margir einstaklingar hádir og geta ekki hætt þótt þeir vilji. Þess vegna er mikilvægt að hafa fyrir unglungum frá byrjun að reykbindindi innanhúss sé viðhaft og virt. Þetta á sérstaklega við um skólana sem fóstra unglungana á þeim aldri sem reykvenjurnar mótað á. Ekki síður á þetta við um stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, þar sem algengt er að í anddyri glæsilegrar byggingar mæti gesti römm tóbakssvæla svo súrnar í augum. Hinir sjúku ættu að eiga kost á sérstökum reykingaherbergjum. Starfsfólk heilbrigðisþjónustu ætti að ganga á undan öðrum stéttum með því góða forðæmi að reykja ekki á vinnustað og hjálpa þannig til að skapa þær forsendur sem þarf til að hefta útbreiðslu og viðhald tóbaksreykinganna.

Tóbaksreykingar leiða til aukinnar áhættu á sjúkdómi og geta leitt til dauðsfalla fyrr en ella. Fjöldi dauðsfalla á Íslandi þar sem reykingar vógu þungt á metunum sem orsök dauðans hefur verið áætlaður a.m.k. 200 á ári. Rekja má a.m.k. helming þessara tilfella til kransæðastíflu en lungnakrabbamein og sjúkdómar sem valda teppu á lungnapípunum eins og lungnahemba og langvinn berkjubólga fylgja

fast á eftir auk annarra sjúkdóma. Það er aldrei of seint að hætta að reykja. Við reykbindindi minnkar áhætta á kransæðastíflu hratt en áhættan á lungnakrabbameini hægar.

Ætla má að talsverður hópur fólks vilji hætta að reykja en telur sig ekki geta það án stuðnings í einhverri mynd. Margir hafa reynt að hætta en mistekist. Ætlunin er að framkvæma könnun sem Hjartavernd og Lungna- og berklavarnadeildin á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur standa að. Eftir könnun á áhuga reykingafólks til að taka þátt í u.p.b. mánaðar meðferðar námskeiði bæði í hóp og í einstaklingsmeðferð verður farið af stað með tilraunastarfsemi í litlum stíl og árangur metinn eftir ákveðinn tíma með því að bera saman við viðmiðunarhóp. Ætlunin er að kanna þannig hvort starfsemi af þessu tagi eigi e.t.v. rétt á sér í stærri stíl.

Baráttan gegn tóbaksnotkun er sumpart háð meðal fólks sem þegar hefur fengið tóbaksmein eins og kransæðastíflu eða lungnasjúkdóm. Margir geta hætt upp á eigin spýtur. Sumpart er baráttan gegn tóbaksreykingum fyrirbyggjandi og kemur þá sérstaklega til kasta kennara- og heilbrigðisyfirvalda. Nú hefur verið lagt fyrir Alþingi frumvarp um tóbaksvarnir sem felur í sér stigmögnum á aðgerðunum gegn tóbaksreykingum þótt það gangi því miður of skammt að því er varðar takmörkun reykinga í almennum vistarverum. Á hinn bóginn er á að líta að lagagerðin er aðeins einn þáttur reykvarna og frumvörp næstu ára munu eflaust ganga lengra í þessu efni.

Tímaritið Hjartavernd 20 ára

Viðtal við Snorra Pál Snorrason

Eins og sagt er frá á öðrum stað hér í blaðinu var Snorri Páll Snorrason fyrsti ritstjóri Hjartaverndar og er það enn. Þegar Snorri tók að sér ritstjórnina var hann læknir á Landsspítalanum og nú er hann þar yfirlæknir og prófessor. Hann er sérfræðingur í hjartasjúkdómum. Sjálfsagt þótti að eiga viðtal við Snorra í tilefni 20 ára afmælis ritsins en hann var ritstjóri þess einsamall fyrstu 3 árin og markaði því stefnuna í efnisvali og frágangi ritsins. Má segja að ritið hafi haldið sínu upprunalega aðalhlutverki og markmiði frá upphafi. Þar hefur ekki þótt ástæða til breytinga; svo vel býr að fyrstu gerð.

Hvenær kom fyrst til tals í samtökunum að gefa út blað?

Blaðið Hjartavernd hóf göngu sína á árinu 1964. Þá var svo komið málum að hjarta- og æðasjúkdómar höfðu aukist jafnt og þétt og dauðsföll af völdum þessara sjúkdóma voru orðin ískyggilega tíð. Engum var þetta betur ljóst en læknum sjúkrahúsanna, og að sjálfsögðu fór þetta ekki fram hjá almenningi því að margir áttu um sárt að binda af völdum sjúkdómannana. Í Bandaríkjunum höfðu þessir sjúkdómar herjað grimmt og höfðu náð hámarki um þetta leyti. Kransæðasjúkdómar þar í landi höfðu aukist svo að jafnað var við farsótt. Íslenskum læknum var því ljóst að hér á landi stefndi í sama óefni og að snúast yrði til varnar af alefli.

Ég hygg að við höfum snemma gert okkur grein fyrir því að forsendur fyrir góðum árangri í baráttunni við þessa sjúkdóma væri að almenningur tæki þátt í varnaraðgerðum. Hins vegar yrði því markmiði ekki náð nema til kæmi fræðsla á þessu sviði og þá hafi fæöst hugmyndin um útgáfu blaðs í þessu skyni.

Skriður komst samt ekki á málið fyrr en eftir að menn bundust samtökum til varnar hjarta- og æðasjúkdómum með stofnun Hjarta- og æðasjúkdómavarnafélags Reykjavíkur í apríl 1964 sem var útgefandi fyrsta blaðsins.

Hvernig stóð á því að þú tókst að þér ritstjórn tímaritsins?

Ég man það nú ekki lengur hvernig það bar að að ég tók að mér að vera ritstjórin. En ég var einn af þeim sem hafði brennandi áhuga á málefnum enda sérstaklega menntaður á þessu sviði. Einnig var ég í fyrstu stjórn Reykjavíkurfélagsins og fulltrúi á stofnundi heildarsamtakanna, Hjartaverndar, í október 1964. Ég hef því efalaust verið fús til að taka þetta að mér þegar eftir því var leitað.



Snorri Páll Snorrason prófessor.



Hvernig vannstu þetta verk? Sástu um öflun efnis, hafðir umsjón með verki í prentsmiðju o.s.frv?

Fyrstu árin sá ég að mestu leyti einn um öflun efnis og niðurröðun þess. Ég fékk kunnáttumenn mér til aðstoðar við prófarkalestur og má þar nefna Runólf Þórarinsson cand. mag. sem lengi vann það starf.

Blaðið var frá upphafi prentað í Ísafoldarprentsmiðju. Þar áttum við góðan hauk í horni sem var Jón Kristjánsson prentari. Hann tók að sér umsjón með prentun blaðsins, umbroti og þess háttar. Var samstarfið við hann og prentsmiðjuna eins og best varð á kosið.

Hvernig gekk svo að fá menn til að skrifa í blaðið?

Ég held að við sem að blaðinu stóðum höfum ákveðið strax í upphafi að stefna að því að blaðið flytti fyrst og fremst innlent efni. Við töldum að með því móti yrði efnið persónulegra og læsilegra fyrir íslenskan almenningu.

Þegar til kom reyndist býsna auðvelt að fá lækna og aðra þá sem leitað var til að skrifa í blaðið.

Eftir á tel ég að þetta hafi verið rétt stefna og hafi gefið blaðinu aukið gildi. Engu að síður hefur ávallt verið talsvert af erlendum fróðleik, þar á meðal þýddar greinar eftir marga ágæta erlenda höfunda.

Rétt er að geta þess að aldrei kom nein greiðsla fyrir hinar frumsömuðu greinar.

Þegar ég lit til baka finnst mér sérstaklega ánægjulegt að rifja upp hinar góðu undirtektir greinahöfunda og hversu efnið sem þeir sendu frá sér var fróðlegt og vandað. Vert er að geta þess sérstaklega að formaður Hjartaverndar, dr. Sigurður Samúelsson, hefur látið sér mjög annt um blaðið og skrifað mikil í það.


Varð þetta ekki léttara eftir að þið ritstjórarnir voruð orðnir tveir?

Jú, vissulega. Nikulás Sigfússon kemur að jafnaði með mikil efni frá rannsóknarstöðinni, bæði greinar um afmarkað efni og skýrslur frá starfseminni.

Eftir að skrifstofa samtakanna fluttist í húsakynni þeirra að Lágmúla 9 hefur hún séð um útkomu blaðsins. Framkvæmdastjóri félagsmála hefur jafnframt verið eins konar framkvæmdaritsjóri blaðsins. Hann hefur tekið við efni, búið það til prentunar, annast prófarkalestur og einnig skriffað talsvert og þýtt í blaðið.

Þetta er að sjálfsögðu gjörbreytt aðstaða frá því sem áður var.

S.J.



1. hefti Hjartaverndar.

Var þetta sjálfboðastarf eða kom einhver greiðsla fyrir?

Þetta var sjálfboðavinna. Annað kom aldrei til greina. Störfin í Hjartaverndarfélögnum hafa alla tíð að langmestu leyti verið unnin í sjálfboðavinnu, endurgjaldslaust.

Var strax í upphafi ákveðið af stjórn samtakanna hvert vera skyldi hlutverk og tilgangur ritsins?

Já, það var ákveðið strax í byrjun eins og fram kemur í fyrsta tölublaði ritsins, bæði í ritstjóraspjalli og í ávarpi stjórnar Hjarta- og æðasjúkdómavarnarfélags Reykjavíkur.

Í ritstjóraspjallinu segir svo:

„Blaðið Hjartavernd hefur nú göngu sína. Því er fyrst og fremst ætlað að flytja efni um hjarta- og æðasjúkdóma en blaðið mun láta til sín taka hvers konar markvert efni sem varðar heilbrigðismál og heilsu manna.“

Og í ávarpi félagsstjórnarinnar segir svo:

„Ætlunin er að blaðið flytti í framtíðinni sem nánasta almenningsfræðslu um það sem efst er á baugi varðandi hjarta- og æðasjúkdóma.“

Ég held að segja megi að þessi markmið sem sett voru í upphafi hafi verið höfð að leiðarljósi alla tíð síðan.

Dr. John L. Ochsner prófessor:

Óhljóð í hálsæðum fyrirboði heilablóðfalls

Dr. John L. Ochsner er yfirlæknir við Ochsnersjúkrahúsið í New Orleans í Bandaríkjunum og prófessor við læknadeild Tulaneháskólan í New Orleans. Í þessari grein upplýsir hann um ýmsar aðferðir til að verjast einum mesta heilsuskaðvaldi nú á dögum, heilablóðfallinu.

Heilablóðfall er þriðja í röðinni af dánarmeinum í Bandaríkjunum, þ.e. næst á eftir hjartaslagi og krabba-meini. Árlega deyr um 200.000 manns af völdum þess. Þetta fólk er ekki allt komið á efri ár; sumir eru aðeins um fertugt, aðrir jafnvel enn yngri.

Auk dauðfallanna veldur heilablóðfall margs konar fötlun og lömun og gífurlegri félags- og fjárhagslegri byrði, bæði fjölskyldum og samfélagini í heild.

Fram á síðustu ár var slag, sem einnig er þekkt sem heilablóðfall eða tappi í heilaæðum, álítið svo vonlaust bæði af almennungi og mörgum læknum að lítið var reynt til að koma í veg fyrir það og afleiðingar þess.

Þetta er ekki svo lengur. Nær sanni væri þó að segja: þetta ætti ekki að vera svo lengur.


Margt er nú hægt að gera til að stemma stigu við meiri háttar slagi og eins má jafnvel hamla gegn því að „minni háttar tilfelli“ verði enn alvarlegri.

Eins konar óhljóð í hálsi geginnir miklu hlutverki í þessum efnum (á læknamáli *bruit* = hávaði á frónsku). Þessi óhljóð koma frá aðalslagæðum í hálsi sem liggja upp í heilan og næra hann. Þær eru sín hvoru megin í hálsinum.

Auðvelt er að greina þessi einkenni með venjulegri hlustpípu og það er ákaflega þýðingarmikið vegna varnar-aðgerða að heyra þessi hljóð í tæka tíð.

Áfallið.

„Það er eins og að fá högg í höfuðið með þungu verkfæri,“ lýsir sjúklingur sem sjálfur er læknir byrjuninni á heilablóðfalli. „Maður verður móttlaus. Mann klígjar og vera má að maður kasti upp. Útlimir verða móttvana og líkt og hjálparslausir. Þeir geta líka orðið tilfinningalausir. Haldi maður meðvitund er hugsunin óskýr. Það er hvort tveggja til að menn fái heiftarlegan höfuðverk eða finni alls ekki til.“



1. mynd
Teikning af blóðstreymi til heilans og skipting æða innan höfuðkúpu.

Slag hefur margvíslegar afleiðingar. Það fer eftir því hvaða heilastöðvar verða fyrir áfalli. Heppnari sjúklingar sleppa með lítils háttar minnisleysi. Aðrir lamast, missa mál og skýra hugsun.

Orsökin getur verið sú að biluð æð leki eða springi svo blæði inn í heilavefinn. Algengasta ástæðan er þó stífla í heilaæð eða æð sem liggur að heilanum; stífla sem myndast af kölkun, þ.e. fitukökkum, svo að blóð og næring ná ekki að renna nema að litlu leyti til hluta af heilanum eða þá alls ekki.

Blóðstraumurinn til heilans.

Heilinn hefur meiri þörf fyrir sístreymi næringar- og súrefnisríks blóðs en nokkur annar líkamshluti. Blóðið til heilans berst eftir fjórum slagæðum, tveimur sitt hvorum megin í hálsi, hálsæðum og hryggjaræðum.

Hállslagæðarnar liggja framan í hálsi og greinast hvor um sig í tvennt, ytri hálsæðina sem nærir andlit og höfuðleður og innri hálsæðina sem nærir helming heilans.

Inni í heilanum greinist innri hállslagæðin í fremri- og miðheilaæðar og samsvarandi aftari æð sem sameinast aftari hryggjaræð.

Hættustaður.

Pegar það fannst fyrir ekki ýkjalöngu að mörg slagtilfelli stöfudu ekki af stíflu í æðum innan heilans heldur af þrengslum í hállslagæð var það mjög mikilvæg uppgötvun.

Það er einkum á einum stað í þessari æð sem hættan er mest.

Blóðstraumurinn berst eftir hállslagæðinni og kemur að staðnum þar sem hún kvílast í tvennt, í ytri og innri hálsæð. Skiptingin kallar á hraðari blóðstraum. En um leið minnkar þrýstingurinn á innri æðarvegginn við skiptinguna. Orsök þessa verður sú að þarna myndast eins konar soghreyfing á æðaþelið eða innsta lag æðarveggjarsins.

Með tímanum getur þarna smáum saman orðið röskun á innsta lagi æðarinnar. Óg þá er komin til sögu hætta á æðakölkun.


Meingerdin er þessi:

Vísindamenn hafa sýnt fram á með rannsóknum að um leið og æðaþelið skaddast hefur það áhrif á blóðflögurnar. Blóðflögur eru örsmáar eggлага frumur, um 250,000 talsins í hverjum rúmmillimetra blóðs, og þær hafa þyðingar miklu varnarhlutverki að gegna. Þær stuðla að storknun blóðsins eins og allir þekkja sem skera sig í fingur eða meiða sig á annan hátt.

Hvenær sem æð skaddast skunda blóðflögurnar á vettvang til að bæta skaðann. Þær safnast saman, hópast og kekkjast í sárið. Samtímis setja þær í gang efnabreytingar sem vinna að storknun og hindra þannig lífshættulegar blæðingar.

En sams konar starfsemi sem er hjálp og vörn útvortis á líkamanum getur orðið til að auka á sjúkdómshættu innvortis.

Skömmu eftir að þel hefur skaddast í slagæð hópast blóðflögur saman í skaddaða blettinn og límast við hann. Eftir nokkra daga taka sléttar vöðvafrumur úr æðinni að smokra sér inn í æðaþelið eða innsta lagið. Og að nokkrum mánuðum liðnum hafa safnast í skaddaða blettinn mörg



2. mynd

Hringrás blóðs í heila, tenging æða og miðlun blóðstremmis.

lög af flatvöxnum sléttum vöðvafrumum ásamt öðrum vejum, svo sem bandvefstrefjum.

Nú er æðakölkun komin í gang. Hversu ört hún magnast fer eftir styrk og magni blóðstraumsins. Ættengi kemur einnig við sögu og efnaskiptaskaðvaldar, svo sem of mikil fita í blóði, of mikið kólesteról, og skaðleg efni af völdum tóbaks.

Athuganir hafa leitt í ljós að kyn og aldur skiptir litlu málí þegar um æðaskemmdir eða æðakölkun er að ræða. Sköddun æða í ungu fólk verður á sömu stöðum og skaðvænleg æðaþrengsli finnast í fólk í efri árum.

Það er jafnvel algengt að fiturákir myndist í æðum fólks innan við 25 ára aldur. Þetta eru örsmáar sléttar vöðvafrumur í bland við fituagnir og eru sennilega undansfari þykkildis í æðinni. Pessi þykkildi finnast í æðum næstum 100% fólks yfir 65 ára aldri.

Óhljóð í hállslagæð.

Pegar kölkun þrengir hállslagæð dregur úr blóðstraumnum. Annað kemur einnig til sögu: Eins og fram kemur í vatnspípum geta þrengsli í slagæð breytt rennslu blóðstraumsins þannig að hrungiða myndist handan þrengslanna. *Það er þetta fyrirbæri sem veldur gnauði eða óhljóði í æðinni.*

Hállslagæðaróhljóð heyrist að líkindum í hlustpípu þegar kölkunin er um það bil 50% af vídd æðarinnar.

Það ætti að vera veigamikill þáttur í læknisskoðun að nota hlustpípu til að rannsaka hvort hállslagæðaróhljóð

heyrist. Þó að slíkt hljóð þurfi ekki endilega að þýða að aðþrengsli þar sem skörp beygja á að getur orsakað breytingu á blóðstraumi og svipað hljóð gefur það samt sem áður tilefni til nánari rannsóknar.

Áður fyrr var umdeilt hvort hállslagæðaróhljóð væri svo þýðingarmikið að nauðsyn bæri til nánari rannsóknar og læknisaðgerðar. Mótþáurnar risu mest af vankunnáttu á tilurð aðakölkunar, ónógrit vitnesku um þykkið sem orsakaði óhljóðið og hræðslu við óþægilegar afleiðingar sjúkdómsgreiningar meðferðar.

Nú á tímum geta læknar aftur á móti óhikað bent á mikilvægi athugunar á þessu óhljóði í hálsi, þökk sé meiri skilningi, nákvæmari sjúkdómsgreiningu og betri læknis-áðgerðum.

Eðlileg próun.

Um leið og skemmd verður á þeli hállslagæðar eru meiri líkur á áframhaldandi þrengslum í aðinni. *Rannsóknir sýna að í um 60% af sköddunartilfellum heldur meinsemdin áfram að vaxa á 10 ára tímabili.* Þar sem vitað er að alger aðaþrengsli byrja sem smáþykkildi er augljóst hverja þýðingu hállslagæðaróhljóð hefur. Í 90% tilfella stafar þetta óhljóð eða gnýr af aðakölkun í vexti.

Ferilrannsóknir á einkennalausum sjúklingum með hállslagæðaróhljóð hafa leitt í ljós að á 10 ára tímabili þróast með þeim alvarleg tilfelli, annaðtveggja skammvinn heilablóðþurrð („vægt áfall“ – og meira um það seinna) eða algert heilablóðfall. (Það er þýðingarmikið að hafa í huga að um það bil helmingur heilablóðfallsþola finna ekki til neinna einkenna fyrr en yfir skellur).

Ef sjúkdómseinkenni fylgja óhljóði í hállslagæð er hættan miklu meiri. Í þeim tilfllum eru tíu sinnum meiri líkur á alvarlegu slagi en ef engin einkenni gera vart við sig.

Einkennin

Það er möguleiki að hægfara þrenging á slagæð eigi sér stað án sjúkdómseinkenna vegna þess að tiltölulega nægur blóðstraumur berist eftir samsvarandi blóðrás. Í þeim tilfellum getur hringrás blóðs frá einum hluta heilans til annars bætt að miklu leyti upp ófullnægjandi blóðrás um sjúka hállslagæð.

Venjulegast er það samt svo að þrengsli í hállslagæð valda einhverju af þremur eftirtöldum sjúkdómsáföllum:

1. Skammvinnri heilablóðþurrð („vægu áfall“).
2. Algeru heilablóðfalli.
3. Langvinnri blóðeklu í heila – eða áframhaldandi ónógu blóðstreymi.

Þegar um skammvinna heilablóðþurrð er að ræða vara einkennin eða verksummerkin aðeins í klukkustundir, stundum ekki nema mínútur og engin sköddun á taugakerfi fylgir. En skammvinn heilablóðþurrð getur haft áhrif á sjón, mál, skynjun eða hreyfingar og getur einnig birst í öðrum alkunnum einkennum, svo sem svima, vönkun, yfirliði, höfuðverki.

Algengasta tegund skammvinnrar heilablóðþurrðar sem stafar frá kalkaðri hállslagæð hefur áhrif á þann

helming heilans eða heilahvelið sem er sömu megin og sjúka aðin og/eða sjón á auganu þeim megin.

Truflanir í heilahveli valda venjulega tímabundnu máttleysi eða vanskynjun (truflun á tilfinningu) í útlínum á öndverðum líkamshluta. Stundum verður truflunin í aðeins einum útlum.

Þegar skammvinn heilablóðþurrð er einungis bundin við sjónstöðvar getur hún orsakað tímabundna sjóndepru sem kallast á læknamáli „amaurosis fugax“. Þá er eins og tjald sé dregið fyrir sjónsviðið.

Venjulegast kemur skugginn þá ofan frá og þokast niður þótt einnig geti hann komið að neðan eða frá hlið og dregist fyrir. Skugginn dökknar þar til sjónin á auganu dofnar eða blindast alveg. Síðan snýst þetta við, sjónin skýrist aftur á nokkrum mínumúturnum eða allt að klukkustund.

Verði ráðandi heilahvel fyrir áfalli getur það orsakað samsvarandi eða takmarkaða sköddun á máli eða hæfni til að tjá sig.

Algert heilablóðfall er annars konar. Það getur valdið margs konar vanmætti, allt frá minni háttar minnisleysi til algers máttleysis og vitundarleysis.

Algert heilablóðfall eða slag getur orsakað máttleysi í hálfum líkamanum eða í mesta lagi að fingur hreyfist lítið eitt. Þegar ráðandi heilahvel á í hlut getur það valdið mismunandi mikilli málhelti (vanmætti til að orða hlutina) eða algerri óhæfni tjáningar (málleysi).

Langvarandi blóðekla í heila kemur mest í ljós hjá eldra fólk og stafar venjulegast fremur af dreifðum stíflumeinum í smáum heilaðum en þrengslum í hállslagæð. Þau geta samt valdið langvinnum blóðskorti í heila. Einkennin eru minnisleysi, sárlænn ótti og vanhæfni til að framkvæma einföldustu verkefni.

Greining: Hvað óhljóð getur leitt í ljós.

Hlustun eftir óhljóði frá slagæð í hálsi ætti að vera þáttur í skoðun allra sjúklinga með einkenni. *Raunar ætti að beita hlustípunni að þessum stað við skoðun á öllum sjúklingum sem hafa einkenni aðakölkunar einhvers staðar í líkamanum.*


Fyrst er hlustað þar sem hállslagæðin greinist í innri og ytri slagæðina. Óhljóð á þessum stað sem beinist að eyranu gefur venjulega til kynna skemmd í innri slagæð.

Heyrist hljóð fyrir aftan augað merkir það venjulega þrengsli í hálsæðinni innan höfuðkúunnar.

Óhljóð sem heyrist ofan við viðbeinið og beinist að hálsinum aftanverðum bendir til þrengsla í hryggjarslagæð. Heyrist hljóð alls staðar í hálsi kemur það trúlegast neðan frá hjarta og hlustun og athugun á ósæðarloku er þá næsta verkefni.

Þótt rétt mat á óhljóði í hállslagæð sé oft til mikils gagns reyndum sérfræðingi getur það vafist fyrir þrautreyndum læknum að skilgreina hljóðið. Venjulegast gefur hávært píphljóð til kynna að þrengsli séu mikil í aðinni. Aftur á móti getur lágvært óhljóð í stutta stund merkt blóðstraumsumbrot sem hafa litla þýðingu.

Það þarf ekki alltaf að vera góðs viti að ekkert hljóð heyrist. Æð getur verið svo heiftarlega stífluð (meira en



3. mynd

Byrjun þreingar í innri hállslagæð sem orsakar breytingu á blóðstraumi sem veldur óhljóði.

95% af vídd) að ekkert hljóð heyrist. Einkum getur það verið illa viti að heyra ekkert hljóð í sjúklingum sem hafa einkenni um blóðeklu í heila.

Það eykur á vandann að einkenni kunna að vera merkjanleg vegna kölkunar sem myndast hefur af sköddun í æð þótt hún þrengi ekki æðina og geti þar af leiðandi ekki valdið óhljóði við hlustun.

Hlustum ein er ekki alltaf næg til að veita fullnægjandi upplýsingar um sjúkdóminn þar sem læknirinn getur ekki fyllilega reitt sig á merkingu eða styrkleika óhljóðs í æðinni. En margar aðrar útvortis rannsóknaraðferðir eru nú þekktar til að ákvarða styrk blóðstremis til heila.

Framhaldsrannsókn.

Á Ochsnersskjúrahúsínu hefur okkur tekist eftir miklar rannsóknir og reynslu að velja þær prófanir í hverju tilfelli sem besta raun gefa án þess að áhætta fylgi. Sjúklingar með óhljóð í hállslagæð eru í byrjun skoðaðir á göngudeild á þrennan hátt.

Undirstöðuathugun er rannsókn gegnum augað (ophthalmoplethysmography). Hún gefur til kynna þréysting í sjóngrein innri slagæðar. Eftir deyfingu augans er plast-

sogskál komið fyrir yfir augasteini og sogkraftur smátt og smátt aukinn þar til hann lyftir 300 mm kvikasilfurssúlu og er útkoma skráð um leið. Okkur reynist þetta vera besta aðferð til að finna verulega vontun á blóðstreymi. Þessa rannsókn má ekki framkvæma á einstaklingum sem misst hafa sjónu, glákusjúklingum eða þeim sem gengist hafa undir uppskurð á auga. Það er vegna sogkraftsins á augað.

Önnur rannsóknaraðferðin er tvístefnu örbylgjökunnun (bidirectional). Þessi prófun segir til um stefnu blóðstraumsins frá augnatóftinni fyrir og eftir samþjöppun á yfirborðsæð. Ef veruleg þrengsli eru í innri hállslagæð rennur blóðið öfuga leið um aðalaugnatóftaræðina og þréystingur eða þjöppun á yfirborðsæðina minnkar eða stöðvar öfugstreymið. Þó að þessi prófun sé ekki eins næm og sú sem fyrr var nefnd gefur hún samt oftsinnis til kynna viðhlítandi sönnun á alvarlegum þrengslum eða algerri stíflu. Einnig kemur hún að gagni við þá sjúklinga sem ekki má beita við sogskálaraðferð.

Þriðja aðferðin er sónritarannsókn á hállslagæð en með henni fæst sónmynd af æðinni. Það kemur fyrir að sjúklingar sem engin einkenni finnast í með sogskálaraðferð reynast hafa umtalsverða skemmd í æðinni þegar hljóðbylgjumyndin birtist. Á hinn bóginn gerist það stundum að sónrítaraðferðin gefur ekki góða raun þar sem hinar aðferðirnar tvær, eða hvor um sig, skila fullnægjandi árangri.

Önnur flóknari útvortis rannsókn til að kanna blóðstremi í heila er heilaskyggnum með geislavirku efni og æðarafríta. Fyrir heilaskyggnum er sjúklingurinn láttinn anda að sér sérstakri gastegund og áhrif efnisins og eyðsla í heilaæðum athuguð. Pannig fæst vitneskja um blóðstremi í vissum heilahluta. Þetta kemur að meira gagni við skjúklinga með langvinnan skort á blóðstremi í heila en við þá sem fengið hafa sérstök alvarleg þrengsli í heilaæð.

Flóknasta aðferðin við að fá vitneskju um blóðstremismómlur í heila er æðamyndun með geislavirku efni. Segja má að þessi aðferð sé ekki alls kostar útvortis þar sem venjulega þarf að láta sjúklinginn taka 40–50 rúmsentimetra af geislavirkri efnablöndun. En hún veitir góða líffræðilega vitneskju um ástand einstakra heilaæða og ásamt öðrum útvortis rannsóknarkönnunum kemur hún að gagni við ákvörðun um hvort uppskurðar sé þörf án heilaskyggunar.


Röntenmynd af heilaæðum með þræðingu er lokastigið til að ganga fullkomlega úr skugga um ástand líffærисins og stig hállslagæðarþrengsla og er því vísbending um hvort þörf sé uppskurðar. En algengi þessarar aðferðar við rannsókn á hállslagæðaróhljóði þegar einkenni eru ekki til staðar er ekki réttlætanlegt þar sem um einn af hundraði verður fyrir skaða eða deyr við meðferðina. Auk þess krefst hún sjúkrahúsvistar, er kostnaðarsöm og tímafrek.

Á 4. mynd er sýnt hvernig mati og meðferð á sjúklingum með óhljóði í hállslagæð skuli hártað.

1. Sjúklingar með augljós einkenni skulu fara í æðaþræðingu. Undanþegnir skulu þeir sem sjáanlega óttast aðferðina og þeir sem hún á alls ekki við af

Óhljóð í hálsslagæð

Með einkenni



Rissmynd sem sýnir framkvæmd rannsóknar þegar óhljóð heyrist í hálsslagæð.

tæknilegum ástæðum. Við þá sjúklinga skal beitt sónritun þótt hún veiti ekki eins fullkomna vitneskjú um ástandið og hin aðferðin.

2. Sjúklingar með hálsslagæðaróhljóð án einkenna skulu rannsakaðir á göngudeild.
3. Finnist ekkert athugavert við þá rannsókn má láta við svo búið standa en rétt er að fylgjast með sjúklingnum.
4. Komi í ljós veila í rannsókn á göngudeild er sónritun næsta skrefið. Leiði hún í ljós að ekki sé hætta á ferðum ber samt að fylgjast með sjúklingnum. Finnist hins vegar þrengsli við þessa skoðun svo ekki verði um villst er rétt að mæla með aðgerð. Leiki vafí á um niðurstöðu er æðaþræðing næsta skrefið.

Læknisaðgerðir: lyfjameðferð og uppskurður

Skurðaðgerð er nauðsyn við alvarlegri kölkun í hálsslagæð. Hins vegar er hvort tveggja til, lyfjameðferð og skurðaðgerð, við skemmd í aðinni þar sem flyksa eða tappi losnar úr kölkuninni.

Ef um er að ræða skemmdir sem valda umtalsverðum þrengslum og upphleðslu blóðflagna er besta lausnin að skera meinsemdina burt. Sé skemmdin lítil og grunn og blóðflögur hafa ekki náð að setjast í hana að ráði koma lyf sem draga úr kekkjun blóðflaga að gagni. Samband asperins og dypyridamole er oft áhrifaríkt.

Æðauppskurðir hafa á síðasta aldarfjórðungi tekið stórtígum framförum og tækni við hálsslagæðaraðgerð hefur skilað æ betri árangri. Nú á tímum eru dauðsföll af völdum slíkrar skurðaðgerðar innan við eitt af hundraði og taugaskakkaföll af völdum þessarar aðgerðar innan við eitt af hundraði.

Sjúkraskýrslur sýna að sjúklingum sem skornir hafa verið upp við hálsslagæðarþrengslum farnast betur en þeim sem verið hafa á lyfjameðferð.

Varnaraðgerðir.

Forvarnir til að koma í veg fyrir kölkun í hálsslagæð eru fólgarar í því að varast þá áhættuþætti sem stuðla að æðaþrengslum. Og þótt nefna megi mörg atriði sem til greina koma eru þrír þættir venjulegast taldir aðalmeinvaldarnir: reykingar, hár blóðþrýstingur og of mikið kólesteról í blóði.

Viðurkennt er að sigarettureykingar stuðla að meinsemð og dauða af völdum æðakölkunar. Líkur eru á því að áhrif af völdum reykinga á meingerð sem leiðir til heilablóðfalls séu af tvennum toga: Reykingar hafa óæskileg og ör áhrif á kekkjun blóðflagna, á getu blóðs til súrefnisflutnings og á fitusýrur og æðavöðvamyndanir (þ.e. óeðlilegan vöxt í æðum). Þá hafa reykingar til lengdar viðvarandi áhrif á æðakölkun sem kunna að stafa frá skaðsemi kolefniseinda reyks sem valdi samloðum blóðflagna við þelfrumur æða og örvun á röngum vesti í þelinu.

Óyggjandi er að hár blóðþrýstingur er stórkostlegur áhættupáttur. Sjúkdómafræðirannsóknir sýna ljóslega að í öllum samfélögum flýtir háþrýstingur fyrir kölkun í öllum meginæðum, þar á meðal í hálsslagæðum. Einnig hefur verið sýnt fram á með rannsóknum á dýrum að háþrýstingur samfara of miklu kólesteróli í blóði eykur mjög á vöxt og hættumörk æðakölkunar.

Vitað er að of mikið kólesterólmagn í blóði er áhættupáttur. Petta kemur í ljós við athugun á ótímabærum dauðsföllum og stuttu æviskeiði fólks með svokallaða II-fitusamsetningu í blóði en hún er ættgeng. Kólesterólmagn er of mikið í blóði þessa fólks.

Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa einnig sýnt fylgni milli æðakölkunar og aukins kólesterólmagns í blóði og tiltölulega fá æðakölkunartilfelli í samfélögum þar sem kólesterólmagn í blóði er lítið.

Vissulega má hætta reykingum ef vilji er fyrir hendi eða draga úr þeim. Háum blóðþrýstingi má ráða bót á í svo að segja öllum tilfellum, oft með grenningu ef líkamsþyngd er of mikil eða með minni saltneyslu og loks með lyfjum ef annað dugar ekki. Kólesterólröskun má einnig oft lagfæra með réttu mataræði og hæfilegri þjálfun.

Sykursýki ber einnig að taka með í reikninginn. Ekki má vanrækja að hafa gát á henni og hamla gegn henni, t.d. með því að grenna sig eða með lyfjanotkun.

Þá ber að nefna óheilbrigða streitu. Kapp getur verið heilbrigð og nauðsynlegt ef í hófi er. En minnast skal þess að kapp er best með forsjá og hafa skal gát á streituástandi. Mikið er fengið ef hægt að vinna bug á því.

Niðurstaða:

Heimspekingurinn Arthur Schopenhauer hefur sagt: „Hávaði er óbærilegastur allra truflana.“ og venjulegast er þetta sjálfsgagt svo.

En um hávaða í hálsslagæð má segja að þótt hann sé óbærilegur að sumu leyti má einnig kalla hann bærilegan í öðru tilliti. Hann getur verið viðvörun við alvarlegri hættu sem hægt er að koma í veg fyrir ef ráð er í tíma tekið. Þannig getur þessi hávaði orðið bjargvættur og stuðlað að betra lífi.

Pýtt úr maíhefti Executive Health. S.J.

Hvað gefur miði í happdrætti **SÍBS?**

Hann gefur þér gott tækifæri til að hreppa vinning allt upp í milljón – eða einn þeirra mörgu sem eru lægri en munar þó um.

Og hver seldur miði á þátt í að gefa þúsundum betri tækifæri til að endurheimta heilsu sína og þrek. Öllum ágóðanum er varið til að byggja upp þá aðstöðu sem SÍBS hefur skapað til endurhæfingar og starfa við hæfi fólks sem hefur skert starfsþrek.

Happdrætti SÍBS
hagur þinn og heildarinnar



Ársskýrsla

Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar

Starfsárið 1/7 1982 – 30/6 1983

Nikulás Sigfússon yfirlæknir tók saman.

Yfirlit.

Þetta er sextanda starfsár Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar en stöðin tók til starfa hausið 1967. Frá upphafi hefur aðalverkefni stöðvarinnar verið Hóprannsókn Hjartaverndar á höfuðborgarsvæðinu en helsta verkefni s.l. starfsárs var 4. áfangi þessarar rannsóknar.

Starfsemin hefur verið með hefðbundnum hætti. Stöðin hefur verið starfrækt með hálfum afköstum eins og nokkur undanfarin ár. Daglega hafa verið boðaðir 15 einstaklingar til skoðunar en þar sem hver og einn kemur tvívegis hafa um 30 manns verið rannsakaðir dag hvern.

Breytingar á starfsliði urðu þær að Pála Sveinsdóttir rannsóknarstúlka er unnið hefur við stöðina frá upphafi létt af ströfum. Við starfi hennar tók Steinunn Jónsdóttir. Pálu er þökkuð löng og dygg þjónusta og ánægjulegt samstarf.

Fastráðir starfsmenn rannsóknarstöðvarinnar voru 14 þar af 2 í fullu starfi en aðrir í hlutastarfi.

Gert var verulegt átak í endurnýjun tækjabúnaðar. Keyp特 var vönduð skilvinda með kælibúnaði (MSE Chilspin 2) sem gerir kleift að taka upp mælingu á s.k. HDL-blóðfitu en nýjustu rannsóknir benda til að þessi blóðfitutegund hafi verulega þýðingu í sambandi við æðakölkun. Keypur var öndunarmælir af nýjustu gerð (Vitalograph Spirometer Model S). Endurnýjuð voru bæði hjartalínuritstæki stöðvarinnar og fengin í staðinn tvö tæki af gerðinni Mingocard 3 (Siemens-Elema). Annað þessarra tækja gaf Kiwanisklúbburinn Nes. Er félagsmönnum klúbbins færðar bestu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Keyp特 var tæki til áreynslu-hjartaritunar, gangbraut af gerðinni Quinton Q55, en slíkt tæki er mikilvægt við greiningu kransæðasjúkdóms og kemur sérstaklega að góðum notum þegar um er að ræða sjúklinga sem ekki geta farið í áreynslupróf á þrekhjóli sem stöðin átti fyrir.

Einnig voru keyp特 nokkur minniháttar tæki („Coulter Mixer“ o.fl.).

Þessi nýju tæki hafa bætt úr brýnni þörf en þó er enn eftir endurnýjun efnamælis á rannsóknarstofu en það verkefni er orðið aðkallandi.

Rannsóknaraðferðir hafa verið óbreyttar á árinu. Stöðlun þeirra hefur farið fram eins og undanfarin ár í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina.

Helstu verkefni stöðvarinnar á starfsárinu var 4. áfangi hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkursvæðinu en þessi áfangi hófst í ágúst 1981. Áætlað er að þessum áfanga ljúki um áramótin 1983–’84.

Alls voru skoðaðar 1409 konur í þessum áfanga á starfsárinu.

Eins og áður var rannsakað fólk samkvæmt tilvísunum lækna, alls 1175 einstaklingar. Er þetta nokkru lægri tala en starfsárið 1981–’82 (1386). Mun færri sjúklingar voru skoðaðir samkvæmt tilvísunum mánuðina apríl, maí og júní 1983 en sömu mánuði 1982.

Að árinu hófst hin fyrsta af þrem könnunum á nokkrum áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma sem gerðar verða á næstu 10 árum. Rannsókn þessi er liður í fjölpjóðarannsókn (Multinational monitoring of trends and determinants in cardiovascular disease – „Monica“). Rannsakaðir voru 492 einstaklingar í þessari hópskoðun.

Unnið var að skráningu tilfella af kransæðastíflu meðal allra einstaklinga á landinu á aldrinum 25–74 ára en það er annar þáttur þessarar rannsóknar.

Alls voru rannsakaðir 3398 einstaklingar á Rannsóknarstöð Hjartaverndar á starfsárinu, sem er allveruleg aukning samanborið við næsta starfsár á undan (2978).

Unnið var að úrvinnslu gagna á svipaðan hátt og á næstliðnu starfsári. Hafði úrvinnslustjórn umsjón með því verki. Út komu 9 vísindaleg rit og greinar um Hóprannsókn Hjartaverndar á árinu.

Rannsóknir á Reykjavíkursvæðinu.

Fjórði áfangi kvennarannsóknar.

Fjórði áfangi hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkursvæðinu hófst um miðjan ágúst 1981. Upphaflega (1967) voru í því úrtaki sem var valið til þessa áfanga 5600 konur en þegar áfanginn hófst voru dánar og brottfluttar um 500.

Í upphafi starfsársins höfðu verið rannsakaðar 1475 konur en á árinu voru rannsakaðar 1409. Var því lokið skoðun 2884 kvenna úr þessum áfanga. Stefnt er að því að ljúka fjórða áfanga kvennarannsóknar um næstu áramót.

„Monica“-rannsókn.

Eins og að framan getur hófst á s.l. starfsári könnun

áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma, hin fyrsta af þremur sem gerðar verða á næstu 10 árum.

Til þessarar rannsóknar voru valin tvö svæði, Reykjavík og Árnessýsla. Í Reykjavík var boðið til rannsóknar 1500 manna úrtaki, 750 körlum og 750 konum á aldrinum 25-74 ára. Rannsóknin er fólgin í könnun eftirfarandi atriða: 1) Reykingavenjur, 2) menntun/hjúskaparstétt, 3) mæling á hæð og þyngd, 4) mæling blóðþrystings (tvívegis), 5) mæling blóðfitu (cholesterol, triglycerid, HDL). Í samvinnu við Rannsóknarstofu Landspítalans var auk þess tekið sýni til mælingar á blóðhag (Coulter counter), járni og járnbindugetu í sermi.

Rannsókn þessi hófst 2. júní og höfðu 492 einstaklingar verið rannsakaðir er starfsárinu lauk 30. júní. Gert var ráð fyrir að samsvarandi rannsókn hafist í Árnessýslu í byrjun næsta mánaðar.

Rannsóknir utan Reykjavíkursvæðisins.

Rannsókn á Snæfellsnesi.

Rannsókn á Snæfellssnesi hófst á s.l. starfsári með rannsókn íbúa í Grundarfirði. Þessa rannsókn önnuðust Pálmi Frímannsson heilsugæzlulæknir og hjúkrunarfræðingarnir Guðrún Erla Gunnarsdóttir og Rut Jónsdóttir í samvinnu við Rannsóknarstöð Hjartaverndar í Reykjavík. Í Grundarfirði voru á skrá 125 manns á aldrinum 41-60 ára. Til skoðunar komu 90 eða 72%. Lauk þessari rannsókn 6. september.

Ákveðið hefur verið að næstu rannsóknarsvæði á Snæfellsnesi verði Ólafsvík og nágrenni. Undirbúningur að þeirri rannsókn stendur yfir.

Tafla 1.

Fjöldi einstaklinga, sem rannsakaðir voru á starfsárinu 1/7 1982 – 30/6 1983 eftir mánuðum.

Mánuðir		IV. áfangi Hóprannsóknar í Rvk.		Samkv. tilvísun læknis		Einstaklingar í einstökum þrófum	Aðsend blóðsýni
		Karlar	Konur	Karlar	Konur		
Júlí	1982	41	12	17			
Ágúst	"	10	31	46		1	1
Sept.	"	117	83	56			4
Okt.	"	145	77	45			6
